

Nd.

137. Nefndarátt

um frv. til myntlaga.

Frá samvinnunefnd viðskiftamálanna.

Jafnvel þótt nefndin sje á einu máli um það, að rjett sje að vjer Íslendingar tókum myntsláttuna i vorar hendur sem fyrst, vill nefndin þó ekki ráða háttv. deild til að samþ. frv. það, sem hjer liggur fyrir, að svo stöddu, og það meðal annars af þessum ástæðum:

1. Nefndin telur sjálfsagt, að ríkisstjórnin athugi ýmislegt i sambandi við þetta mál, svo sem skilyrði fyrir upptöku i myntsamband þeirra þjóða, er semja þarf við, svo og kostnaðarhlið málsins.
2. Nefndin áltur ekki heppilegt að ráðast til framkvæmda í þessu efni sem stendur, sjerstaklega vegna hins háa verðs á góðmálmum.

Fyrir því leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svo feldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Með því að deildin telur málið ekki nægilega undirbúið, felur hún ríkisstjórninni að athuga frv. það til myntlaga, sem hjer liggur fyrir, ásamt öllu því, er stendur í sambandi við myntsláttu ríkisins, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. mars 1922.

H. Steinsson. Ó. Proppé, Sigurður Jónsson,
form. Ed.-n. og samv.-n. ritari samv.-n. og Nd.-n. ritari Ed.-n.

Sveinn Ólafsson, Jón A. Jónsson,
form. Nd.-n. framsögum. í Nd.

Björn Kristjánsson. Sigurjón Friðjónsson. Karl Einarsson.

Pjetur Þórðarson. Magnús Jónsson. Ing. Bjarnarson.

Einar Þorgilsson.